



Gísli Jónsson

Bjarni Benediktsson – Gísli Jónsson – Bergur Jónsson – Jón Kjartansson – Sjálfstæðisfélagið Skjöldur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Shrimps and Canning factory
Fishmeal and Herring factory

Head-office:
Bárugata 2
Reykjavík
Iceland

Telephones:
Office 2084
Private 4084

Telegrams:
Inspector
Reykjavík

Codes:
Boe-code
Bentleys

Gísli Jónsson

Bárugata 2, Reykjavík
Iceland

Maron Ltd., Bíldudal

Export: All kind of fish production

Import: General goods, coal and salt

Filials:
Bildudal
Iceland

Telephones:
Office 12
Factory 16
Private 11

Telegrams:
Maron
Bildudal

Reykjavík, 9. nóvember 1939

Hr. professor Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Hjálagt sendi ég yður afrit af bréfi til Miðstjórnar Sjálfstæðisflokkssins, svo að þér hafið haft tækifæri til þess að athuga málið áður en það er lagt fyrir Miðstjórnarfund, og vænti ég þess að þér, vegna Sjálfstæðisflokkssins í heild sinni, ljáið því lið, að málið verði afgreitt fljótlega eins og floknum sjálfum yrði mestur sómi af.

Virðingarfyllst,

Gísli Jónsson

Reykjavík, 9. Nóvember 1939

Eins og alkunnugt er, réðist ég í það á síðastliðnu ári, að kaupa Bíldudalseignina, og koma þar á fót atvinnufyrirtækjum í stórum stíl, sumpart til þess að bjarga staðnum frá því ófremdir ástandi í atvinnumálum, sem hann þá var kominn í, þar sem að íbúarnir þar voru orðnir beinlínis byrði á ríkissjóði, og sumpart til þess að vekja, ef unt væri, áhuga annara manna til þess að veita fé sínu yfir í atvinnufyrirtæki almennt, ef með þessari tilraun væri unt að sýna fram á, að þrátt fyrir allskonar örðugleika og fjöstra, efttu íslenzkar atvinnugreinar sér enn uppreisnar von í landinu.

Þrátt fyrir takmarkalausa og óskiljanlega andstöðu fyrverandi ríkisatjörnar og Framsóknarflokksins í heild, og þó einkum þingmannskjörðamisins, hr. Bergs Jónasonar, hefir að árangur náiðst, að hin fyrirhuguðu fyrirtæki eru þegar Úll komin á fót, og hafa skapað útflutningsverðmsti á þessu ári fyrir kr. 300.000,00, og greitt í vinnulaun á sjó og landi síðan viðreisnin hófst, yfir kr. 200.000,00, enda hefir staðurinn blómgast svo, að þar hefur hver maður síðan haft atvinnu vetur og summar. Auk þess hefur verið greitt til ríkissjóðs í beinum tollum og sköttum á sama tíma, sumpart vegna viðreisnarinnar og sumpart í útflutningsgjöldum af framleiðslunni um kr. 30.000,00.

Fyrir þessi stúrf míð reðst "Tíminn", Stjórnmálablað Framsóknar-manna, á mig persónulega þann 14. og 21. f.m., og taldi ég ekki rétt að þegja við þessari árás, hvorki vegna atvinnufyrirtækjanna sjálfra eða vegna flokkshagsmuna Sjálfstæðismanna í sýslunni.

Sendi ég því til "Morgunblaðsins" upphaf af greinaflokki, þar sem sýnt var fram á hina merkilegu framkomu þingmannsins og Framsóknar-flokkssins í þessu framfararmáli, og bað blaðið fyrir birtingu greinar-innar með svohljóðandi bréfi:

Reykjavík 23./10. 1939

Hr. ritstjóri Jón Kjartansson,
Reykjavík.

Í tilefni af grein í 2 tölublöðum "Tímans", 14. og 21. Þ.m., leyfi ég mér hér með að fara þess á léit, að þér birtið fyrir mig svar í blöðum yðar, "Morgunblaðinu" og "Ísafold", svo að það nái eyrum kjósenda Sjálfstæðisflokkssins í Barðastrandarsýslu.

Sendi ég yður hér með upphaf greinarinnar, og skal um leið leyfa mér að taka það fram, að þetta mun verða nokkuð langur greinaflokkur, þar sem ég tel nauðsynlegt að taka öll þau atriði, sem að þessu máli lúta, til rökilegrar fhugunar.

Vænta Sjálfstæðismenn í sýslunni, að ég láti tekifærið ekki ónotað til þess að svara hverju því máli, sem fram kemur í andstæðingablöðunum um flokkinn eða framkvæmdir mínar í sýslunni.

Virðingarfyllat,

Að kveldi hins 25. október sendir blaðið mér próförk af þeim hluta greinarinnar, sem kom út í blaðinu næsta dag, og gerir þá engar athugasemdir við birtingu greinarinnar, en þegar blaðið birtir hana næsta dag, hefir það, að mér forspurðum, leyft sér að setja fyrir framan hana eftir-

færandi athugasemd undirskrifaða af ritstjóranum:

"Gísli Jónsson, vélstjóri, hefir beðið "Morgunblaðið" fyrir eftirfarandi grein. Hér um daginn sagði hann á Varðarfundi hinar fáránlegustu sögur um blaðið, sem ólíklegt er að hann sjálfur hafi lagt trúnað á, hvað þá aðrir en sögumaðurinn sjálfur." Ritstj.

Út af þessu striði sendi ég ritstjóranum samstundis svohljóðandi bréf:

Reykjavík, 26./10. 1939

Hr. Ritstjóri Jón Kjartansson,
Reykjavík,

Með athugasemd yðar við grein mína, sem þér birtið í "Morgunblaðinu" í dag án minnar vitundar, þar sem þér ekki létuð hana fylgja með í próf-örkinni, er þér senduð mér hana í garkvöldi, lítt ég svo á, að þér með þessu, hafið tekið sterkari og ódrengilegri andstöðu gagnvart mér og Sjálfræðisflokknum í Barðastrandasýslu, en róttækustu andstæðingar hans.

Fyrir það bið ég yður góðfúsalega að birta ekki frekara framhald greinarinnar, heldur endursenda mér framhaldið.

Virðingarfyllst,

Eftir móttöku þessa bréfs, er það upplýst og viðurkennt af blaðinu, að hr. ritstjóri Jón Kjartansson átti engan þátt í athugasemdinni, en að hún er sett inn af hr. ritstjóra Valtýr Stefánssyni, að hr. Jóni Kjartanssyni óafvitandi og því eingöngu á hans ábyrgð.

Það hefir komið fram síðar, sem eðlilegt er, að Framsóknarmenn og þingmaður kjördæmisins hafa einmitt notað sér þessa framkomu "Morgunblaðs"-ins" til þess að ráðast enn meira á mig persónulega, þar sem þeir var

ljóst, að það væri ókleift fyrir mig að svara þeim árásum, fyrr en að betta mál hefði verið gert upr að fullu innbyrðis í Sjálfstæðisflokknum,

Mér stóð að vísu opin leið til bess að taka málið upr í dagbl.

"Vísir", en sú aðgerð hefði óhjákvæmlega orðið til þess að deila fyrst og fremst opinberlega á "Morgunblaðið", fyrir hina merkilegu framkomu sína, og það taldi ég á engan hátt heppilegt, að flokksmenn stæðu í opinberum deilum um sín eigin mál, og því hefi ég kosið að fara ekki þá leið, heldur að snúa mér til Miðstjórnar Sjálfstæðisfloksins um uppgjör á málinu.

Ég tel að ummæli þau, sem ég hafði á Varðarfundi í sambandi við "Morgunblaðið", hafi verið sett fram meðal flokksmanna, og það hafi verið algerlega óviðeigandi og ósæmandi af "Morgunblaðinu" að notfæra sér þau jafn ódrengilega og jafn lymskulega, eins og það hefir gert, ekki einasta á mig persónulega, heldur einnig á flokksstarfsemina í kjördæminu. Því leyfi ég mér hérmeð að krefjast bess af háttvirtri Miðstjórn, að hún nú þegar taki mál þetta til athugunar, og felli um það úrskurð, hvort það skuli látið óátalið, að aðal málgagn Sjálfstæðisfloksins lýsi bannig einn af frambjóðendum floksins opinberlega ósannindamann, til þess með því, að styrkja pólitiska andstæðinga hans í kjördæminu, og ef það, móti von minni, skyldi af Miðstjórninni vera talið viðeigandi, hvort ekki sé þá rétt að gera þegar ráðstafanir til þess að einhver annar maður fari þar fram næst, af hálfu Sjálfstæðisfloksins.

Mér er það ljóst, að baráttan fyrir flokksmálum um land allt, hefur við svo mikla erfiðleika að stríða, að það má teljast óverjandi, að flokksstarfsemin sé veikt, með slíkri framkomu annars aðal málgagns floksins, eins og hér hefir átt sér stað. Enda vil ég leyfa mér að taka það fram, að það er ekki einungis Sjálfstæðismenn í Barðastrandarsýslu, heldur einnig stór hópur Sjálfstæðismanna í Reykjavík, sem bíður eftir því, hvaða afgreiðalu þetta mál fær hjá Miðstjórninni.


Ég mun að sjálfsögðu beygja mig undir hvern þann dóm, sem innan Miðstjórnar og flokksráðs verður feldur á mig út af ummælum mínum á Varðarfundi, þegar þau ummæli eru lögð fram rétt og óbreytt og eftir að mér hefir verið gefinn kostur á að gera grein þar fyrir mínu máli. En ég hlýt, með tilvísun til þess, sem að framan er skráð, að krefjast þess, að hin háttvirta Miðstjórn taki þetta mál nú þegar til athugunar, og láti ganga um það þann úrskurð, þeði á hendur mér og Morgunblaðinu, sem hún telur réttlátan og semandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Sjálfur háttvirtum atvinnumálaráðherra er fullkunnugt um þá nauðsyn, sem nú er á því, að þegnar þjóðfélagsins geri skyldu sína um að auka útflutning landsmanna og efla atvinnulífið í landinu. Því þykir mér merkilegt, ef að hann, sem jafnframt er formaður Sjálfstæðisflokkins getur látið það afskiptalaust, að aðal málgagn Sjálfstæðisflokkins haldist uppi að gera óverðugar árásir á framþjóðanda flokkins, sem samtímis verður þá til þess, að andstæðingunum haldist uppi að níða niður þau fyrirtæki, sem að framan hefir verið minnst á, og setja fótinn fyrir þau á allan hátt.

Rétt í þessu hefi ég meðtekið afrit af bréfi til ritstjórnar "Morgunblaðsins" frá Sjálfstæðisféluginu "Skjöldur" á Patreksfirði, og leyfi ég mér að láta fylgja til yðar afrit af þessu bréfi.

Vænti að móttaka heiðrað svar Miðstjórnarinnar um afgreiðslu þessa máls, sem allra fyrst.

Virðingarfullst,



311

Miðstjórnar Sjálfstæðisflokkins í Reykjavík.

Fatreksfirði, 12. Nóv. 1939

Ritstjórn Morgunblaðsins,
Reykjavík.

Undrandi lásum við athugasemd yðar við
grein herra Gísla Jónssonar er út kom í Morgunblaðinu 26/10.
síðastliðinn.

Ummali þau, sem þér segið að herra Gísli Jónsson
hafi um hönd haft á nefndum varðarfundi eru okkur að sjálfsögðu
ókunn. Varí okkur því kert, ef þér vilduð gjöra okkur þann greiða
að skýra okkur bréflega frá þeim vanssendum, er á ofangreindum
fundi hafa verið borin á blað yðar.

Frá þeim tíma, er Bergur Jónsson feldi Hr. Hákon
Kristófersson hér í Barðastrandasýslu herir ekki verið gjört mikil
til þess að reyna að vinna hana aftur. Framboð hafa ekki verið ókveðin nema 3 - 4 vikum fyrir kostningar,
og þá sinn maðurinn í hvort skifti. Á þessari bardagaðferð vorum
við Eingu orðnir breyttir, og vildum, varí þess koastur; fá harðann
mann á móti herra Bergi Jónassyni. Þessi höguleggleiki skapaðiast við
það, er herra Gísli Jónsson vildi beita orku sinni fyrir málafnum
flokkains hér. Að fá framboð hans komið í gegn var ekki erfittleika-
laust, Barðist foringi flokkains með þó nokkuri hörku á móti framboði
herra G.J. Stóð honum á sama, hver fram feri í sýslunni frá floknum
annar en Gísli Jónsson. Lýsir það ekki beint miklu áhuga fyrir
auknu fylgi flokkains hér. Við vorum þeirrar sköljunar, að þegar
fyrir löngu væru Úll kurl þessu málí viðvíkjandi til grafar komin en
únur sýnist reyndin þar sem Morgunblaðið bástúnar það nú opinberlega
út um allar landsbygðir, að tópast muni frambjóðandi okkar sjálfur
taka mark orða sinna, hvað þá heldur aðrir.

Að endingu viljum við hér með lýsa því yfir
að á meðan herra Gísli Jónsson vill vera í framsboði fyrir
Sjálfstæðisflokkinn hér í Barðastrandasýslu munum við fylgja
honum fram með meiri festu en nokkrum örðum frambjóðenda og
hugum þess jafnframt fullvissir, að ef Sjálfstæðisflekkurinn hefði
áætta um ráð yfir tufa alíkum frambjóðendum í vafakjörðum landsins
sem honum, varí floknum enginn þörf að vera taglhnytingur vinstri
flokkanna.

Virðingarfyllst,
Stjórn Sjálfstæðisfélagsins Skjúldur.